

Ed. 255. Frumvarp til laga [141. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Níkhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni Jóhönnu Sæmundsdóttur, Níkhól, Dyrhólahreppi. Hefur það áður legið fyrir Alþingi, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Flm. þykir rétt og skylt að fá úr því skorið, hver sé vilji Alþingis um framgang málsins. Jörðin Holt var um fjölda ára í eign og ábúð Jóhönnu og eiginmanns hennar, Þorsteins Einarssonar. Sakir mikillar hættu á landsþjöllum vegna ágangs Hafursár varð það úr, að þau hjónin seldu ríkissjóði jörðina árið 1936. Jóhanna hefur síðan haft afnot jarðarinnar, en lengi haft hug á, að jörðin komist að nýju í eign ættarinnar.